

HETJ3HS05

Búið til: Sun, 28 Apr 2013 02:31:39 GMT

Titill

Hetjur og skúrkar

Skammstöfun

HETJ3HS05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

myndlist, myndlæsi, Íslenska

Viðfangsefni

Hetjur og skúrkar

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum „Hetjur og skúrkar“ er lögð áhersla á samþættingu ólíkra námsgreina eins og íslensku, erlendra tungumála og myndlistar. Um er að ræða þverfaglegan áfanga sem ætlað er að efla læsi, gagnrýna og skapandi hugsun sem höfð skal að leiðarljósi í öllu námi. Fjallað er um hugtökin „hetja“ og „skúrkur“ í víðu samhengi út frá kvikmyndum, myndlist og bókmenntum.

Forkröfur

A.m.k. 10 einingar í íslensku á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í tengslum við umfjöllun um mismunandi viðfangsefni
- mismunandi tegundum læsis og mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- mismunandi samfélagslegum og menningarlegum aðstæðum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig á skýran, gagnrýninn og skapandi hátt um þá þekkingu sem þeir öðlast í áfanganum
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við útfærslu sjálfstæðs lokaverkefnis
- taka ábyrgan þátt í samræðum um samfélagslegar og menningarlegar aðstæður er koma fram í kvikmyndum, myndlist og bókmenntum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- efla læsi, gagnrýna og skapandi hugsun ...sem er metið með... þátttöku í málstofu um hetjur og skúrka í bókmenntum, kvikmyndum og listum þar sem nemendur leggja fram verk sín
- beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta og myndefnis ...sem er metið með... því að nemendur vinna með mismunandi viðfangsefni úr bókmenntum, kvikmyndum og myndlist. Þar draga þeir ályktanir út frá efninu og setja fram eigin hugmyndir, skriflega og verklega (myndlist)

- átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum úr texta og myndefni ...sem er metið með... því að nemendur eigi samskipti við önnur menningarsamfélög og læri á þann hátt að túlka og meta hugtakið „hetja“ í fjölmennningarlegu samhengi
- sýna þroskaða siðferðsvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum ...sem er metið með... því að verk nemenda sem lögð verða fram í málstofu skulu endurspegla þessa þætti

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd